

## Fundargerð

<b>Fundarefni:</b>	5. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
<b>Dags.:</b>	1. október 2014
<b>Fundarmenn:</b>	Guðni Björnsson, Erlingur Snær Erlingsson, Hólmfríður Einarsdóttir, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Sigurður Grétarsson
<b>Fjarverandi:</b>	Kristín Stefánsdóttir, og varamaður í hennar stað
<b>Ritað af:</b>	Íris Lena Leósdóttir

### 1. Fundur settur.

- Guðni setti fundinn kl. 18.08
- Heimagerðar veitingar í boði Hólmfríðar
- Fundir verða hálfsmánaðarlega á næstunni. Allir varamenn verða boðaðir á næsta fund til að upplýsa þá um stöðu mála og efla tengsl.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

- Upplýsingar sem vantaði settar inn, engar aðrar athugasemdir.

### 3. Fulltrúaráðsfundurinn

- Farið yfir fulltrúaráðsfundinn og hvernig til tókst. Almenn ánægja með fundinn og margt jákvætt en við féllum á tíma og urðum að sleppa hópavinnunni. Skipan í nefndir gekk þökkalega, 2-4 skráðu sig í fjórar nefndir en enginn í Fjölmeningarnefndina.
- Skipuleggja þarf viðburði vetrarins mjög tímanlega og virkja nefndirnar.
- Huga þarf að mismunandi þörfum á fræðslu og umræðu eftir stigum (yngsta, mið og elsta stig).

### 4. Áætlun um samstarf skóla og foreldra

- Guðni fer yfir skjalið eins og það er núna og sendir öðrum í stjórn svo til yfirlstrar. Þurfum að klára það og senda frá okkur til skólastjóra í október.

### 5. Foreldrarölt

- Sigurður er búinn að gera rölt plan fyrir veturinn. Fyrsta ganga verður 17. október?
- Rölt er á bilinu 22:30 – 23:30 á föstudagskvöldum, nema í jóla- og páskafríum. Síðasta ganga er 19. des fyrir jólin, byrjar svo aftur 9. janúar.
- Verið er að vinna í skipulagsmálum varðandi boðun, skil á skýrslum og afhendingu gagna (skýrslur og vesti).

### 6. Foreldrasáttmálinn

- 2 bekkir eru þegar búnir að funda um sáttmálann.
- Sækja þarf ný plaköt og bæklinga til Heimilis og skóla.
- Ákveðið að **þriðjudaginn 28. október kl. 19:30 – 21:00** verði haldið opið kvöld fyrir foreldra til að fara yfir foreldrasáttmálann. Boðið verður upp á kynningu í sal og svo geti foreldrar hvers bekkjar fyrir sig farið í hópavinnu inn í stofurnar. Virkja umsjónarkennara og nýta allar stofur.

- Nauðsynlegt að auglýsa tímanlega.

## 7. Fjármál

Búið að skila auka skóladóti fyrir fyrstu bekkinga, sem ekki seldist.

Leikfimi gengur vel, mjög góð þátttaka.

þarf að gera fjárhagsáætlun fyrir seinni hluta skólaársins.

Umræða varð um styrki almennt og vilji til að endurvekja styrki til 10. bekkinga við útskrift sem hafa tekið mestum framförum.

## 8. Skólaráðsfundur

- Skólaráðsfundur var haldinn 30. september.
- Þar kom fram að verkfallsboðun starfsmanna Kópavogsbæjar sé yfirvofandi. Búið að boða vinnustöðvun 14, 15, 21. og 22. október. Allsherjarverkfallsboðun er svo 1. nóvember ef ekki semst.
- Opinn skólaráðsfundur verður í vetur.
- Opinn fundur um Hvítu bókina, læsi var um daginn með menntamálaráðherra. Sigrún skólastjóri og Sigurður Grétarsson fóru.
- Farið yfir verkefnalista skólaráðs, hlutverk skólans, skipurit og mannabreytingar í skólanum.
- Nýbúadeild hefur fengið nafnið Alþjóðaver. Aukning í fjölda nemenda í einhverfudeild.
- Óskað eftir fulltrúa foreldra í dægradvalarnefnd sem starfar innan skólans – ræðist á stjórnarfundum FFÁ.
- Framkvæmdir á húsnæði og lóð skólans. Teikningar komnar fyrir Digranes, fara á fjárhagsáætlun næsta árs. Skólalóð við Hjalla ekki á dagskrá. -> FFÁ þarf að setja sér stefnu ásamt foreldrum, mætti t.d. halda opinn fund með bæjarstjóra og foreldrum.
- Starfsáætlun Álfhólsskóla 2014 – 2015 samþykkt.

## 9. Pegasus

- Slæm umgengni var í félagsmiðstöðinni sl. mánudag og því var hún lokað í dag. Guðni boðar fund með yfirmanni Pegasus til að ræða úrbætur.

## 10. Heimili og skóli

- Heimili og skóli bjóða SAFT fræðslu sem nær til Mentor, vefmiðla, heimasíðugerðar og fleira fyrir foreldra og starfsmenn. Þarf að skoðast eftir áramótin.

## 11. Fundi slitið

- Guðni sleit fundi kl. 19:40